

## AUGLÝSING um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

### *Skagabraut 43.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraness samþykkti 28. júlí 2022 breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits vegna Skagabrautar 43. Í breytingunni felst m.a. að tveimur byggingarreitum er bætt við lóðina Skagabraut 43. Annars vegar fyrir geymsluskúr sem er fyrir á lóðinni og hins vegar fyrir nýja bílaþvottastöð. Byggingarreitur fyrir þjónustuhús og skyggni yfir dælum er aðalagað að núverandi mannvirkum á lóð. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,35. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Laugarbraut 23.*

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraness samþykkti 28. júlí 2022 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Laugarbrautar 23. Breytingin felst í að nýtingarhlutfalli lóðar er breytt úr 0,30 í 0,40. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 8. ágúst 2022.*

**Sigurður Páll Harðarson** sviðsstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 9. ágúst 2022